

Alþingi
Erindi nr. P 131/1645
komudagur 27.4.2005



LANDVERND

Samgöngunefnd Alþingis
Bt. Stefáns Árna Auðólfssonar
Alþingi
150 Reykjavík

27. apríl 2005

Efni:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamál (mál 678)


Vísað er í bréf Alþingis dagsett 7. apríl s.l.

Stjórn Landverndar lýst afar vel á framangreinda þingsályktunartillögu. Það er verðugt markmið og eftirsóknarvert hlutskipti að Ísland verði forystu í umhverfissvænni ferðaþjónustu. Þingsályktunartillaga er enn ein staðfestin á því að óspillt náttúra landsins og fagurt landslag eru mikilvæg auðlind og því er ábyrgð ferðamanna og fyrirtækja í ferðaþjónustu mikil. Landvernd vinnur að þeim markmiðum sem koma fram í tillögunni.

Málið var tekið fyrir á aðalfundi Landverndar 23. apríl s.l. sem samþykkti eftirfarandi ályktun:

„Aðalfundur Landverndar fagnar vandaðri ferðamálaáætlun, til næstu 10 ára, sem samgönguráðherra hefur nýverið látið gera og lagt fyrir Alþingi. Einkum vill fundurinn fagna þeirri áherslu í áætluninni sem lögð er á náttúru Íslands, menningu þjóðarinnar og fagmennsku og að stefnt verði að því að Ísland verði í forustu í umhverfissvænni ferðaþjónustu.

Atvinnugreinin hefur vaxið hratt og hefur það leitt í ljós að íslensk náttúra er okkur ekki minni auðlind og orkuver á sviði ferðamála en öðrum. Í áætluninni eru færð rök fyrir því að áframhaldandi vöxtur í ferðaþjónustu verði að byggjast á forsendum sjálfbærrar þróunar og að það kalli á að hagsmunaaðilar temji sér fagmennsku í hlutverki gestgjafans. Aðalfundur Landverndar tekur heilshugar undir þessi rök og hvetur alla alþingismenn til að tryggja áætluninni brautargengi.”

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri

Aðalfundur Landverndar

23. apríl 2005

Ályktun vegna ferðamálaáætlunar

Aðalfundur Landverndar fagnar vandaðri ferðamálaáætlun, til næstu 10 ára, sem samgönguráðherra hefur nýverið látið gera og lagt fyrir Alþingi. Einkum vill fundurinn fagna þeirri áherslu í áætluninni sem lögð er á náttúru Íslands, menningu þjóðarinnar og fagmennsku og að stefnt verði að því að Ísland verði í forustu í umhverfisvænni ferðaþjónustu.

Atvinnugreinin hefur vaxið hratt og hefur það leitt í ljós að íslensk náttúra er okkur ekki minni auðlind og orkuver á sviði ferðamála en öðrum. Í áætluninni eru færð rök fyrir því að áframhaldandi vöxtur í ferðaþjónustu verði að byggjast á forsendum sjálfbærrar þróunar og að það kalli á að hagsmunaaðilar temji sér fagmennsku í hlutverki gestgjafans. Aðalfundur Landverndar tekur heilshugar undir þessi rök og hvetur alla alþingismenn til að tryggja áætluninni brautargengi [...svo að þess sjáist fljótt stað í bættri umhverfismenningu (-vitund) þjóðarinnar].

Greinargerð

Í skýrslu um menningartengda ferðaþjónustu, sem áætlunin byggir á, segir:

“Fjölgun ferðamanna hefur verið mikil og farið vernulega fram úr áætlunum. Undirstaða landkynningarstarfs hefur verið náttúra landsins og áhersla hefur verið lögð á hreinleika íslensks umhverfis og víðerni landsins.

Ljóst er að það hefur áhrif á möguleika Íslendinga til að kynna landið, einkum á forsendum náttúrunnar, ef hér verður á komandi árum jafn hraður vöxtur í greininni og verið hefur undanfarin ár.

Aukin áhersla á menningarkynningu er vel fallin til að laga íslenska ferðaþjónustu að aðstæðum, sem hraður vöxtur í greininni mun skapa á komandi árum.”

Í sömu skýrslu segir á öðrum stað:

“Íslensk nútímamenning er í mikilli deiglu. [...] mikilvægt er að virða þessa deiglu og kynna íslenska nútímamenningu eins og hún er. Afar mikilvægt er að halda mótsögnum til haga, þar sem þær eru þáttur í fari þjóðarinnar. [...] Framtakssemi einstaklinga á sviði menningarmála er mikil og brýnt að ferðaþjónustan virki þann áhuga.”
